

LÖG

um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast fjórir nýir málslíðir er orðast svo: Heimilt er með sama hætti að veita sveitarfélögum styrki til stofnframkvæmda við fráveitur sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli framkvæmdirnar undir ákvæði 1. málsl. og uppfylli að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur, að fengnum tillögum fráveitunefndar, nánari ákvæði um framkvæmdina í reglugerð. Skuldbindingar sem sveitarfélög-in taka á sig vegna rekstrarleigu skulu koma fram í ársreikningum þeirra. Styrkuppghæð samkvæmt þessari grein getur aldrei verið hærri en sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigríður A. Þórðardóttir